

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Velferðarnefnd Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis hefur fyrir hönd Velferðarnefndar Alþingis leitað umsagnar Landssamtakanna Geðhjálpar um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til ársins 2030, 509. mál.

Stjórn Geðhjálpar fagnar því að íslensk stjórnvöld hafi ýtt úr vör vinnu við heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Með því gefst dýrmætt tækifæri til að stuðla að samhæfðum, markvissum aðgerðum til að tryggja faglega, aðgengilega heilbrigðisþjónustu til allra landsmanna.

Um leið minnir stjórnin á hversu mikilvægt sé að vinna jafn metnaðarfullt verkefni og raun ber vitni af kostgæfni með virðingu og virkri þátttöku allra hlutaðeigandi aðila. Með fullri virðingu fyrir fagfólki ber þar hæst þátttöku notenda, þ.e. bæði beint og með milligöngu notendafélaga.

Heilbrigðisráðuneytið efndi til ráðstefnu í því skyni að kynna drög og óska eftir aðkomu fagfólks á haustmánuðum. Í framhaldi af því var boðið til opins málþings fyrir almenning af sama tagi. Aðkoma almennings að vinnu á málþinginu var afar takmörkuð enda var þingið haldið á vinnutíma. Ekki var óskað sérstaklega eftir aðkomu frá Geðhjálpar við mótun stefnunnar.

Fyrirliggjandi frumvarp um heilbrigðisstefnu felur í sér ýmsar gagnlegar umbætur á borð við skýra löggjöf, áherslu á samráð þjónustuaðila og áfram má telja. Á hinn bóginn ber frumvarpið með sér að notendur hafi ekki komið með virkum hætti að mótun þess. Metnaðarfullar aðgerðir eru mótaðar og settar fram frá sjónarhóli fagfólks með þeim afleiðingum að notandi þjónustunnar verður frekar viðfang en raunverulegir þátttakandi.

Stjórn Geðhjálpar saknar þess að hvergi sé minnst á þátttöku notenda í stefnumótun viðeigandi þjónustu, t.a.m. þátttöku fólks með reynslu af geðheilbrigðisþjónustu í mótun þjónustu af því tagi. Með sama hætti sé hvergi gert ráð fyrir ráðningu notenda eða annars konar jafningjastuðningi í þjónustu. Raunar er eftirtektarvert að hvergi skuli vera minnst á knýjandi þörf fyrir umbætur í geðheilbrigðisþjónustu.

Í kafla undir yfirskriftinni *Virkir notendur* er áhersla lögð á að landsmenn hafi góðan aðgang að upplýsingum og þekkingu til að taka upplýstar ákvarðanir um val á heilbrigðisþjónustu. Stjórn Geðhjálpar leggur áherslu á að gripið sé til aðgerða til að tryggja fólki í ójafnvægi vegna geðsjúkdóma sama rétt og öðrum til vals á heilbrigðisþjónustu, sbr. ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í því samhengi er minnt á mikilvægi þess að færa ákvæði lögræðislaga til samræmis við samninginn.

Síðast en ekki síst leggur stjórn Geðhjálpar áherslu á gildi þess að stefnu eins og fyrirliggjandi heilbrigðisstefnu fylgi ekki aðeins nákvæm aðgerðaráætlun heldur áætlun um eftirlit með framkvæmd og eynamerkt fé. Án þess er hætt við því að stefna af þessu tagi safni aðeins ryki í hillum ráðamanna.

Virðingarfyllt fyrir hönd Geðhjálpar,  
Hrannar Jónsson, formaður.

